

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Reykjavík 17.05 2024

Hér á eftir fer umsögn stjórnar Félags íslenskra bókaútgefenda (Fíbút) til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um tillögu að þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2024–2030.

Umsögn þessi er samhljóða umsögn sem stjórn Fíbút sendi inn í Samráðsgátt stjórnvalda í mars s.l. þegar drögin að frumvarpinu voru kynnt. Þar sem Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur ekkert tillit tekið til þeirra athugasemda okkar sem fram koma í umsögninni þá ítrekum við þessar athugasemdir okkar hér við ykkur, fulltrúa í Allsherjar- og menntamálanefnd.

En fyrst þá fögnum yfirgripsmiklum og metnaðarfullum áformum stjórnvalda varðandi þá framtíðarsýn sem birtist okkur í þessari þingsályktun um bókmenntastefnu. Við tökum einnig heilshugar undir þau þrjú megin markmið sem lögð eru til grundvallar þeim 19 aðgerðum sem tilgreind eru í bókmenntastefnunni. Nær allar boðaðar aðgerðir ríma vel við sjónarmið útgefenda.

Sérstaka ánægju okkar vekur að starfsemi Miðstöðvar íslenskrar bókmennta verði eflð og að hún fái víðtækara hlutverk. Nær helmingur allra aðgerða bókmenntastefnunnar, níu talsins, eru merktar Miðstöðinni sem ábyrgðaraðila.

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur verið verulega undirfjármögnuð lengi og brýnt að með fjölgun verkefna verði fjármögnun hennar tryggð til lengri tíma og það framlag sem sátt verði um sé vísitölutryggt á milli ára svo það rýrni ekki þannig að það komi niður á þeim verkefnum sem Miðstöðinni er ætlað að sinna. Einnig er brýnt að rekstrarkostnaður stofnunarinnar sé aðgreindur frá framlögum sem ætluð eru til verkefna og að kostnaður verði fjármagnaður sérstaklega, svo almennar kostnaðarhækkningar, svo sem launakostnaður og húsaleiga, skerði ekki úthlutunarsjóði.

Þá er einnig mikilvægt að tryggja fjármögnun þýðingasjóðs Miðstöðvarinnar sem hefur rýrnað um nánast helming að verðgildi frá stofnun hans árið 1981 en það vekur athygli að hvergi er minnst á hann í aðgerðaáætlun bókmenntastefnunnar.

Varðandi endurskoðun regluverks sem boðuð er í öðrum lið í aðgerðaáætluninni þá teljum við það vera eina af grunnforsendum þess að blómleg bókaútgáfa geti þrífist hér á landi að sá stuðningur sem staðfestur er með lögum nr. 130/2018 verði efldur enn frekar og aukið fjármagn verði tryggt, svo endurgreiðslur til útgefenda stöðvist ekki ítrekað vegna fjárþurðar á miðju ári og endurgreiðslur síðan fjármagnaðar með aukafjárveitingu í lok árs eða af fjármunum næsta árs.

Einnig leggjum við áherslu á að útgefendum sé tryggð aðkoma að bókasafnssjóði og að útgefendur verði skilgreindir réttihafar gagnvart Hljóðbókasafni Íslands. Hvoru tveggja er nánar rökstutt í innleggi okkar til menningar- og viðskiptaráðherra sem óskað var eftir við gerð bókmenntastefnunnar.

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir athugasemdir við þrjár greinar í aðgerðaáætluninni:

Í fyrsta lagi lýsum við undrun okkar að fara eigi fram mat á fýsileika þess að koma á fastverði á bókum með aðgerð í fjórða lið aðgerðaáætlunarinnar. Sú hugmynd er ekki frá okkur kominn. Sé

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

hér verið að horfa til þess fyrirkomulags sem gildir nú í Noregi þá er þess að gæta að norsku bókalögin eru afar umfangsmikil og flókin enda eiga þau sér ekki hliðstæðu á hinum Norðurlöndunum. Að ætla sér að heimfæra afmarkaðan hluta þeirra upp á okkar íslenska fyrirkomulag teljum við óraunhæft og mögulega óframkvæmanlegt.

Það á einnig við um þær hugmyndir um að setja ákveðin tímamörk frá útgáfu bóka eða skorður við miðlun bóka í gegnum streymisveitur með lagafyrirmælum. Ákvörðun um slíkt hlýtur að eiga að vera sameiginleg ákvörðun útgefanda og höfunda í hverju útgáfutilviki fyrir sig þar sem þeim er treyst með samningi til að velja það fyrirkomulag sem við á. Noregur er eina nágrannaríkið þar sem víðtækar skorður hafa verið settar við dreifingu í streymisveitum og það tengist heildarskipulagi bókaútgáfu og jafnframt fastverðsfyrirkomulaginu.

Í öðru lagi gerum við athugasemd við aðgerð nr. 13 er varðar stuðning við óhagnaðardrífna útgáfustarfsemi. Hér teljum við að það þurfti að stíga varlega til jarðar. Gæta þarf að jafnræði á milli allra útgefenda sem starfa á íslenskum bókamarkaði og beita af mikilli varúð þeirri skilgreiningu hvað telst til óhagnaðardrífinnar útgáfu og hvað ekki. Almennt séð á sú umgjörð, styrkir og stuðningur sem ríkið setur og tilgreindar eru í þessari bókmenntastefnu, að gilda jafnt fyrir alla útgefendur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í gegnum hið opinbera styrkja- og sjóðakerfi koma svo áherslur stjórnvalda fram á hverjum tíma, m.a. varðandi stuðning við ákveðna tegundir bóka eða bókaflokka. Við mat á þeim stuðningi eða styrkjum er hvergi tilgreint hvað sé hagnaðardrifið og hvað ekki. Útgefendur eiga sjálfir að bera ábyrgð á því enda er okkur ljós sú staðreynd að tap af einu útgáfuverki er fjármagnað með hagnaði af einhverju öðru. Enginn útgefandi hefur slíkt forspárgildi að vita ávallt fyrirfram hvað muni skila hagnaði og hvað ekki.

Í þriðja lagi þá óskum við eftir því að Fíbút verði bætt við sem samstarfsaðila við lið nr. 16 í aðgerðaráætluninni sem fjallar um framtíð orðabókargerðar.

Að þessu sögðu erum við full tilhlökkunar og eftirvæntingar að takast á við það mikla og metnaðarfulla verkefni að vinna þessari bókmenntastefnu frekari framgang.

Að lokum óskum við eftir því að fá að fylgja þessari umsögn eftir munnlega með því að fá áheyrn hjá ykkur.

F.h. stjórnar Félags íslenskrar bókaútgefenda,

Heiðar Ingi Svansson, formaður